

Matvælaráðuneyti
Borgartún 26
108 Reykjavík

Garðabær, 15. janúar 2024
Málsnúmer: 202401-0061
SS

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi nýrra laga um sjávarútveg.

Drög að frumvarpi matvælaráðherra til nýrra laga um sjávarútveg, hafa verið lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki skilgreint hlutverk í lögunum en stofnunin hefur lögbundið hlutverk við að veita almenna ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, um áhrif athafna á náttúru og um verndun náttúrunnar. Því er talið tilefni til að veita umsögn um frumvarpsdrögin.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsdraganna og vill veita eftirfarandi ábendingar um eftirtaldar greinar er tengjast hlutverki og fagþekkingu stofnunarinnar:

Því er fagnað að í frumvarpinu er almennt skýrari og markvissari áhersla á að nýting á nytjastofnum sjávar eigi ætíð að vera stunduð með það markmið að líffræðileg fjölbreytni hafsins hnigni ekki af völdum nýtingarinnar. Jafnframt er tilgreint að vísindalegur grunnur þarf að liggja að baki öllum ákvörðunum til að tryggja þetta. Þetta er skýrt í 5. og 6. greinum frumvarpsins. Jafnframt er í 7. grein lögð áhersla á vistkerfisnálgun, sem er nýtt lykilhugtak í lögum um sjávarútveg sem endurspeglar vel alþjóðlegar áherslur í náttúruvernd og sjálfbærri auðlindanýtingu og er grunnforsenda fyrir því að verndarstaða nytjastofna sjávar standi traust til framtíðar.

Undirstaða þess að beiting vistkerfisnálgunar og varúðarmarkmið virki vel við að stuðla að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, eru öflugar langtíma rannsóknir og afar mikilvægt er að þessu sé fylgt eftir með auknum stuðningi við rannsóknir á lífríki hafsins, hjá Hafrannsóknarstofnun og öðrum rannsóknarstofnunum. Huga þarf að þessu í samstarfi við önnur ráðuneyti og aðra aðila sem standa að baki rannsóknum á lífríki hafsins.

Í 12. grein frumvarpsins er fjallað um verndarsvæði í hafi. Þar er matvælaráðherra veitt heimild til að afmarka verndarsvæði innan fiskveiðilögsögu Íslands þar sem nýting nytjastofna er takmörkunum sett. Markmið með þessu er að sporna við skaðlegri nýtingu eða skaðlegum áhrifum á nytjastofna. Hafrannsóknarstofnun er falið að gera tillögur um slík verndarsvæði og skilgreina hvaða viðkvæmu hafsvæði, vistkerfi, tegundir og búsvæði beri að vernda. Mörk verndarsvæða og reglur þar að lútandi eru síðan skilgreindar í reglugerð.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er hér stigið mjög mikilvægt skref við að skilgreina frekar hvers vegna og hvernig beita má regluverki fiskveiðistjórnunar til að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni í hafi, og jafnframt að slíkt eigi að byggjast á vísindalegri þekkingu um verndarstöðu og verndargildi lífríkisins. Áhersla er lögð á að verndaraðgerðirnar séu í hag nytjastofna en mikilvægt er að þeim sé einnig beitt til að vernda vistkerfi og tegundir sem ekki teljast til nytjastofna en sem geta orðið fyrir áhrifum af fiskveiðum.



Margar aðrar ógnir geta stafað að líffræðilegri fjölbreytni hafsins sem löggjöf um fiskveiðar og nýtingu annarra nytjastofna nær ekki yfir. Þar má nefna áhrif efnistöku, orkuvinnslu í hafi, samgangna á sjó þ.m.t. vegna ferðaþjónustu, áhrif af starfsemi af landi einkum mengun af ýmsum toga o.fl. Mikilvægt er að mótuð sé heildræn stefna um hvernig fleiri en ein viðeigandi löggjöf samnýtist við að tryggja verndun lífríkis, rýna þarf vel hvernig samræmi ólíkra verndaraðgerða sé tryggt og að markmið verndunarinnar vegi þungt í því samhengi. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 eru þar afar veigamikil. Þeim hefur lítið verið beitt við verndun lífríkis í hafi og nauðsynlegt að fundinn sé farvegur til að tryggja sess þeirra í þeim tilfellum sem regluverk fiskveiðistjórnunar er ófullnægjandi eða á ekki við. Nú er starfandi stýrihópur matvælaráðherra um verndun hafsins sem er að rýna þessi viðfangsefni gaumgæfilega og á Náttúrufræðistofnun þar fulltrúa. Tillögur stýrihópsins munu nýtast við að móta skilvirkan ramma kringum viðfangsefnið. Ekki er ólíklegt að starf stýrihópsins geti haft einhver áhrif á inntak 12. greinar frumvarpsins.

XI. kafli frumvarpsins fjallar um nýtingu sjávargróðurs. Þar er nýmæli í 66. grein sem segir að áður en sótt er um leyfi til nýtingar sjávargróðurs skuli umsækjandi afla staðfestingar frá Skipulagsstofnun um það hvort vinna þurfi umhverfismat vegna nýtingar sjávargróðurs á grundvelli laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 11/2021. Náttúrufræðistofnun telur þetta vera afar jákvæða nýjung enda geta áhrif umfangsmikillar nýtingar af sjávargróðri verið víðfeðm og margslungin á lífríki. Þang í fjörusvæðum, þaraskógar á grunnsævi og á meira dýpi, kalkþörungabreiður og fleiri vistkerfi hafsins þar sem þörungar eru ríkjandi eru alla jafna lífauðug vistkerfi, þar sem frjósemi er mikil og þar sem finnast mikilvæg búsvæði fyrir fjölda tegunda m.a. uppeldissvæði nytjategunda og fæðusvæði ýmissa fuglategunda. Hingað til hefur ekki verið lagt fullnægjandi mat á áhrif af nýtingu þörunga á annað lífríki að mati Náttúrufræðistofnunar og þörf á að styrkja rannsóknir á þessum vistkerfum þar sem nýtingin fer fram. Aukin ásókn er í nýtingu þörunga m.a. nýting sem er lítil reynsla af héraendis s.s. á stórpara. Að meta hvort þörf sé á umhverfismati og framkvæmd þess í tilfellum þar sem það er nauðsynlegt er líklegt til að auka til muna vitneskju okkar um áhrif nýtingar á þessi vistkerfi og skapa forsendur fyrir skilvirkari stýringu og skipulag á nýtingunni sem og að móta betri grundvöll fyrir mótvægisáðgerðir svo sem verndun og endurheimt þessa vistkerfa.

Lítið er fjallað um í frumvarpinu hvernig regluverk fiskveiðistjórnunar tekur á því þegar selir og sjófuglar veiðast sem meðafli eða festast í netum og öðrum veiðarfærum og verða fyrir skakkaföllum. Mikilvægt er að tekið sé á því vandamáli þar sem það á við, með bæði vöktun, eftirliti og nauðsynlegum aðgerðum til að draga úr þeim skaða sem orðið getur.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið en er reiðubúin til ráðgjafar um einstök efnisatriði er tengjast hlutverki stofnunarinnar eins og við á.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Starfsheiti

